

AUGLÝSING
um breytingar á samningi EFTA-ríkjanna
um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.

Hinn 25. nóvember 2016 var norska utanríkisráðuneytinu afhent staðfestingarskjal Íslands vegna breytinga, sem gerðar voru í Brussel 6. október 2016, á samningi milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls frá 2. maí 1992, með því að bæta við nýrri 25. gr. a og nýrri bókun 8 við samninginn, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 32/1993, þar sem samningurinn frá 2. maí 1992 er birtur.

Breytingarnar öðluðust gildi 25. nóvember 2016 og eru birtar í fylgiskjali með auglýsingu þessari. Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 6. desember 2021.

F. h. r.
Martin Eyjólfsson.

Anna Jóhannsdóttir.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR
UM BREYTINGU Á SAMNINGI MILLI EFTA-RÍKJANNA
UM STOFNUN EFTIRLITSSTOFNUNAR OG DÓMSTÓLS MEÐ ÞVÍ AÐ
BÆTA NÝRRI 25. GR. a OG NÝRRI BÓKUN 8 VIÐ SAMNINGINN

ÍSLAND

FURSTADÆMIÐ LIECHTENSTEIN

KONUNGSRÍKIÐ NOREGUR

með hliðsjón af samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, hér á eftir nefndur „samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól“, einkum 49. gr.,

að höfðu samráði við Eftirlitsstofnun EFTA,

með hliðsjón af ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 198/2016 – 206/2016 frá 30. september 2016 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn,

með hliðsjón af verkefnum sem Eftirlitsstofnun EFTA eru falin á sviði fjármálaþjónustu eins og sett er fram í IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, einkum að því er varðar ákvarðanir sem beint er til markaðsaðila í EFTA-ríkjum innan EES og kröfur um málsmeðferð sem í þeim felast,

í ljósi þessa ætti að mæla fyrir um málsmeðferðarreglur sem Eftirlitsstofnun EFTA skal fylgja er hún sinnir verkefnum sem henni eru falin með gerðum sem felldar eru inn í IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn,

í ljósi þessa ber að breyta samningnum um eftirlitsstofnun og dómstól,

í ljósi þessa ætti að bæta við samninginn nýrri 25. gr. a og nýrri bókun 8 um hlutverk og valdheimildir Eftirlitsstofnunar EFTA á sviði fjármálaeftirlits,

HAFA ORÐIÐ ÁSÁTTIR UM EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi ný grein bætist við á eftir 25. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól:

„25. gr. a

Eftirlitsstofnun EFTA skal, í samræmi við gerðirnar sem um getur í IX. viðauka við EES-samninginn er kveða á um valdheimildir evrópskrar eftirlitsstofnunar innan Evrópusambandsins og sem Eftirlitsstofnun EFTA skal beita að því er varðar EFTA-ríkin og samkvæmt aðlögununum í þeim viðauka, og jafnframt með fyrirvara um ákvæðin sem er að finna í bókun 8 við samning þennan, koma viðeigandi ákvæðum EES-samningsins í framkvæmd og tryggja að þessum ákvæðum verði beitt.“

2. gr.

Í stað orðanna „bókunum 1–4 og 6–7“ í 49. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól koma orðin „bókunum 1–4 og 6–8“.

3. gr.

Nýrri bókun 8, við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól, um hlutverk og valdheimildir Eftirlitsstofnunar EFTA á sviði fjármálaeftirlits skal bætt við á eftir bókun 7 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól. Texti hinnar nýju bókunar 8 sem bæta skal við fylgir með þessum samningi.

4. gr.

1. EFTA-ríkin skulu samþykkja samning þennan, sem er gerður í einu löggiltu eintaki á ensku, í samræmi við stjórnskipuleg skilyrði hvers þeirra um sig.

Samningur þessi skal gerður og löggiltur á þýsku, íslensku og norsku áður en sex mánuðir eru liðnir frá gildistöku hans.

2. Samningi þessum skal komið í vörslu hjá ríkisstjórn Noregs sem skal tilkynna hinum EFTA-ríkjunum um það.
3. Samningur þessi öðlast gildi þann dag sem öll EFTA-ríkin hafa afhent til vörslu skjöl sín um staðfestingu.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Brussel, 6. október 2016.

Bergdís Ellertsdóttir

.....
FYRIR HÖND ÍSLANDS

Sabine Monauni-Tömördy

.....
FYRIR HÖND FURSTADÆMISINS
LIECHTENSTEIN

Oda Helen Sletnes

.....
FYRIR HÖND KONUNGRÍKISINS NOREGS

VIÐAUKI

við

SAMNING UM BREYTINGU Á SAMNINGI MILLI EFTA-RÍKJANNA UM STOFNUN EFTIRLITSSTOFNUNAR OG DÓMSTÓLS MEÐ ÞVÍ AÐ BÆTA NÝRRI 25. gr. a OG NÝRRI BÓKUN 8 VIÐ SAMNINGINN

BÓKUN 8

UM HLOTVERK OG VALDHEIMILDIR EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA Á SVIÐI FJÁRMÁLAEFTIRLITS

1. gr. (gildissvið)

Í bókun þessari eru skilgreind hlutverk og valdheimildir Eftirlitsstofnunar EFTA á sviði fjármálaþjónustu þar sem Eftirlitsstofnun EFTA, í samræmi við 25. gr. a samnings þessa, starfar samkvæmt þeim tilteknu eftirlitsheimildum sem henni eru faldar með gerðum í IX. viðauka EES-samningsins.

Bókun þessi er með fyrirvara um valdheimildir Eftirlitsstofnunar EFTA, einkum skv. 31. gr. samnings þessa, til að tryggja að farið sé eftir EES-samningnum og þessum samningi.

2. gr. (samstarf og þátttaka)

Eftirlitsstofnun EFTA skal í verkefnum sínum, sem um getur í 1. gr., hafa samráð og vera í samstarfi við viðeigandi evrópska eftirlitsstofnun og aðrar viðkomandi stofnanir ESB.

Þegar Eftirlitsstofnun EFTA innir af hendi verkefni sín sem um getur í 1. gr. skal viðeigandi evrópsk eftirlitsstofnun hafa heimild til að taka þátt í starfi Eftirlitsstofnunar EFTA og undirbúningsaðila hennar, að undanskildum réttinum til að greiða atkvæði.

Eftirlitsstofnun EFTA skal veita fulltrúum viðeigandi evrópskrar eftirlitsstofnunar heimild til að taka þátt í vettvangsskoðunum í samræmi við viðeigandi gerðir sem felldar hafa verið inn í IX. viðauka við EES-samninginn.

Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að gera samkomulag um verklag við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina (EBA), Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunina (EIOPA) og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina (ESMA) þar sem nánari atriði slíks samstarfs og þátttöku koma fram.

3. gr. (ákvarðanir)

Ákvarðanir Eftirlitsstofnunar EFTA innan gildissviðs þessarar bókunar skulu samþykktar af stjórn hennar á grundvelli draga sem viðeigandi evrópsk eftirlitsstofnun hefur undirbúið. Við þess háttar ákvarðanatöku skal Eftirlitsstofnun EFTA aðhafast án ástæðulausrar tafar er hún fær slík drög í hendur. Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að fara fram á að viðeigandi evrópsk eftirlitsstofnun undirbúi drög.

Eftirlitsstofnun EFTA skal að öllu leyti vera óháð í störfum sínum. Fulltrúi frá viðeigandi evrópskri eftirlitsstofnun skal hafa heimild til að vera viðstaddur, án réttar til að greiða atkvæði, á stjórnarfundum þar sem ákvarðanir innan gildissviðs þessarar bókunar eru teknar.

Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að samþykkja sérstakar málsmeðferðarreglur vegna ákvarðana innan gildissviðs þessarar bókunar, þ.m.t. ákvæði sem kveða á um fyrirvar af hálfu viðeigandi evrópskrar eftirlitsstofnunar.

4. gr. (gagnsæi)

Áður en Eftirlitsstofnun EFTA tekur ákvörðun innan gildissviðs þessarar bókunar skal hún óska eftir að lögbær yfirlit EFTA-ríkja láti í té tæknilega sérþekkingu innan tímamarka sem Eftirlitsstofnun EFTA setur.

Þegar Eftirlitsstofnun EFTA setur tímamörkin skal hún taka fullt tillit til þess hve brýnt og flókið málið er og til hugsanlegra afleiðinga þess.

Veiti eitt eða fleiri viðkomandi yfirvald slíka tæknilega sérþekkingu skal Eftirlitsstofnun EFTA upplýsa hin yfirlit um það á viðeigandi hátt, til að tryggja gagnsæi.

5. gr. (andmælaréttur)

Áður en Eftirlitsstofnun EFTA tekur ákvarðanir innan gildissviðs þessarar bókunar skal hún, með fyrirvara um ákvæði viðkomandi gerða, sem um getur í 1. gr., tilkynna tilgreindum viðtakendum um fyrirætlun sína um að samþykkja ákvörðunina og setja tímamörk fyrir viðtakandann til að gefa álit sitt á málinu, að teknu tilliti til þess hversu málið er brýnt, flókið og hvaða afleiðingar það kann að hafa og að hvaða marki andmælaréttar hefur verið neytt.

6. gr. (endurskoðunarvald dómstóla)

EFTA-ríkjunum, einstaklingum eða lögaðilum er heimilt að höfða mál fyrir EFTA-dómstólnum, í samræmi við 36. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól, þar sem ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA er vefengd.

Ef Eftirlitsstofnun EFTA er skuldbundin að grípa til aðgerða en lætur hjá líða að taka ákvörðun er heimilt að höfða mál fyrir EFTA-dómstólnum vegna vanrækslu í samræmi við 37. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól.

Ef gerðirnar sem um getur í 1. gr. þessarar bókunar gera ráð fyrir að beita megi sektum og/eða févítum með ákvörðun sem Eftirlitsstofnun EFTA samþykkir skal EFTA-dómstóllinn, í samræmi við 35. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól, hafa ótakmarkað dómsvald til að endurskoða slíka ákvörðun. EFTA-dómstólnum er heimilt að ógilda, lækka eða hækka álagða sekt eða févíti.

**AGREEMENT AMENDING THE AGREEMENT BETWEEN THE EFTA STATES
ON THE ESTABLISHMENT OF A SURVEILLANCE AUTHORITY AND A COURT
OF JUSTICE BY ADDING A NEW ARTICLE 25a AND
A NEW PROTOCOL 8 TO THE AGREEMENT**

THE REPUBLIC OF ICELAND

THE PRINCIPALITY OF LIECHTENSTEIN

THE KINGDOM OF NORWAY

Having regard to the Agreement between the EFTA States on the Establishment of a Surveillance Authority and a Court of Justice, hereinafter referred to as the ‘Surveillance and Court Agreement’, and in particular Article 49 thereof,

Having consulted the EFTA Surveillance Authority,

Having regard to Decisions Nos 198/2016 – 206/2016 of the EEA Joint Committee of 30 September 2016 amending Annex IX (Financial Services) to the EEA Agreement,

Having regard to the tasks conferred to the EFTA Surveillance Authority in the field of financial services as set out in Annex IX (Financial Services) to the EEA Agreement, in particular as regards decisions addressed to market operators in the EEA EFTA States and the procedural requirements inherent therein,

Whereas, therefore, procedures should be laid down to be followed by the EFTA Surveillance Authority when exercising the tasks conferred to it by acts incorporated into Annex IX (Financial Services) to the EEA Agreement,

Whereas, therefore, the Surveillance and Court Agreement should be amended,

Whereas, therefore, a new Article 25a, and a new Protocol 8 on the functions and powers of the EFTA Surveillance Authority in the field of financial supervision, should be added to the Agreement,

HAVE AGREED AS FOLLOWS:

Article 1

The following new Article shall be inserted after Article 25 of the Surveillance and Court Agreement:

‘Article 25a

The EFTA Surveillance Authority shall, in accordance with the acts referred to in Annex IX of the EEA Agreement providing within the European Union for powers of a European Supervisory Authority which, as regards the EFTA States and according to the adaptations contained in that Annex are to be exercised by the EFTA Surveillance Authority, as well as subject to the provisions contained in Protocol 8 to the present Agreement, give effect to the relevant provisions of the EEA Agreement and ensure that those provisions are applied.’

Article 2

The words “Protocols 1 to 4 and 6 and 7” in Article 49 of the Surveillance and Court Agreement shall be replaced by the words “Protocols 1 to 4 and 6 to 8”.

Article 3

The new Protocol 8 to the Surveillance and Court Agreement on the functions and powers of the EFTA Surveillance Authority in the field of financial supervision shall be added after Protocol 7 to the Surveillance and Court Agreement. The text of the new Protocol 8 to be added is annexed to this Agreement.

Article 4

1. This Agreement, drawn up in a single copy and authentic in the English language, shall be approved by the EFTA States in accordance with their respective constitutional requirements. Before the end of a period of six months from its entry into force, this Agreement shall be drawn up and authenticated in German, Icelandic and Norwegian.
2. This Agreement shall be deposited with the Government of Norway, which shall notify the other EFTA States.
3. This Agreement shall enter into force on the day all instruments of acceptance have been deposited by the EFTA States.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned plenipotentiaries, being duly authorised thereto, have signed this Agreement.

Done at Brussels, 6 October 2016.

Bergdís Ellertsdóttir

.....

FOR THE REPUBLIC OF ICELAND

Sabine Monauni-Tömördy

.....

FOR THE PRINCIPALITY OF
LIECHTENSTEIN

Oda Helen Sletnes

.....

FOR THE KINGDOM OF NORWAY

Annex

to

AGREEMENT AMENDING THE AGREEMENT BETWEEN THE EFTA STATES ON THE ESTABLISHMENT OF A SURVEILLANCE AUTHORITY AND A COURT OF JUSTICE BY ADDING A NEW ARTICLE 25a AND A NEW PROTOCOL 8 TO THE AGREEMENT

PROTOCOL 8

*ON THE FUNCTIONS AND POWERS OF THE EFTA SURVEILLANCE AUTHORITY
IN THE FIELD OF FINANCIAL SUPERVISION*

Article 1 (scope)

This Protocol sets out the functions and powers of the EFTA Surveillance Authority within the field of financial services where the EFTA Surveillance Authority in accordance with Article 25a in this Agreement acts pursuant to the specific supervisory powers conferred to it by acts in Annex IX of the EEA Agreement.

This Protocol is without prejudice to the powers of the EFTA Surveillance Authority, in particular under Article 31 of this Agreement, to ensure compliance with the EEA Agreement and this Agreement.

Article 2 (cooperation and participation)

When carrying out its tasks referred to in Article 1, the EFTA Surveillance Authority shall consult and cooperate with the relevant European Supervisory Authority and the other relevant EU institutions.

When the EFTA Surveillance Authority is carrying out its tasks referred to in Article 1, the relevant European Supervisory Authority shall, but for the right to vote, have the right to participate in the work of the EFTA Surveillance Authority and its preparatory bodies.

The EFTA Surveillance Authority shall provide authorisation to the representatives of the relevant European Supervisory Authority who shall take part in on-site inspections in accordance with the relevant acts incorporated in Annex IX to the EEA Agreement.

The EFTA Surveillance Authority may enter into administrative arrangements with the European Banking Authority (EBA), the European Insurance and Occupational Pensions Authority (EIOPA) and the European Securities and Markets Authority (ESMA) providing details for such cooperation and participation.

Article 3 (decisions)

The EFTA Surveillance Authority's decisions within the scope of this Protocol shall be adopted by its College on the basis of drafts prepared by the relevant European Supervisory Authority. When taking such decisions, the EFTA Surveillance Authority shall act without undue delay upon receipt of such drafts. The EFTA Surveillance Authority may request the relevant European Supervisory Authority to prepare a draft.

The EFTA Surveillance Authority shall act in full independence. A representative from the relevant European Supervisory Authority shall have the right to be present, without the right to vote, at the College meetings where decisions within the scope of this Protocol are taken.

The EFTA Surveillance Authority may adopt specific rules of procedure for decisions within the scope of this Protocol, including provisions providing for representation from the relevant European Supervisory Authority.

Article 4 (transparency)

Before taking a decision within the scope of this Protocol, the EFTA Surveillance Authority shall invite the competent authorities of the EFTA States to provide technical expertise within a time limit set by the EFTA Surveillance Authority.

The EFTA Surveillance Authority shall, when setting the time limit, take full account of the urgency, complexity and potential consequences of the matter.

If such technical expertise is provided by one or more of the authorities concerned, the EFTA Surveillance Authority shall, in order to ensure transparency, keep the other authorities duly informed.

Article 5 (right to be heard)

Before taking decisions within the scope of this Protocol, the EFTA Surveillance Authority shall, subject to the provisions of the relevant acts referred to in Article 1, inform any named addressee of its intention to adopt the decision, and set a time limit within which the addressee may express its views on the matter, taking full account of the urgency, complexity and potential consequences of the matter and to what extent the right to be heard has been exercised at an earlier stage.

Article 6 (judicial review)

Proceedings may be brought before the EFTA Court by the EFTA States or any natural or legal person, in accordance with Article 36 of the Surveillance and Court Agreement, contesting a decision taken by the EFTA Surveillance Authority.

In the event that the EFTA Surveillance Authority has an obligation to act and fails to take a decision, proceedings for failure to act may be brought before the EFTA Court in accordance with Article 37 of the Surveillance and Court Agreement.

Where the Acts referred to in Article 1 in this Protocol foresee that fines and/or periodic penalty payments may be imposed by a decision adopted by the EFTA Surveillance Authority, the EFTA Court shall, in accordance with Article 35 of the Surveillance and Court Agreement, have unlimited jurisdiction to review such decisions. The EFTA Court may annul, reduce or increase the fine or periodic penalty payment imposed.